

Suðurnesjalína 2 – samantekt á umsögnum og athugasemdum vegna grenndarkynningar ásamt svörum við þeim.

Umsagnir bárust frá eftirtöldumlögboðnum aðilum:

Umsögn **Minjastofnunar Íslands** um skráningu fornleifa á línusvæðinu frá 20.08.14 lá fyrir. Minjastofnun vísar í fornleifaskráningarskýrslur Fornleifafræðistofunnar frá 2009 og 2014, ásamt umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar um skýrslurnar. Í umsögn Byggðasafnsins kemur fram að líklega þurfi að skoða það sem eftir er frá Óttarsstaðastíg að landamerkjum Hafnarfjarðar til að tryggja að það hafi verið rannsakað. Einnig að línuvegur muni skera í sundur nokkra forna stíga og þjóðleiðir á svæðinu og þá þurfi að hnitsetja. Einnig kemur fram gagnrýni á mat Fornleifafræðistofunnar á þeirri hættu sem minjum Straumssels kann að stafa af fyrirhugaðri línulögn, þ.e. að minjunum stafi engin hætta af framkvæmdinni. Byggðasafnið telur að línuvegur muni fara nánast alveg við vegghleðslu sem afmarkar Straumssel og að selið sé það sel sem er í mestri hættu. - Í ljósi þetta taldi Minjastofnun nauðsynlegt að minjar í nágrenni Straumssels yrðu skoðaðar betur og skrásettar, að því loknu nýtt mat lagt á hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línulögnina.

Í síðari umsögn Minjastofnunar kemur fram að allir stígar hafi verið hnitsettir og lega þeirra færð inn á loftmynd. Minjastofnun telur þetta fullnægjandi aðgerð, en bendir á að halda raski á stígum í lágmarki þar sem línuvegur muni þvera þá. Eftir nánari rannsókn telur Minjastofnun að fornleifum sem tilheyra Straumseli stafi ekki hætta af framkvæmdunum. Minjastofnun telur að merkja þurfi vörðu í línustæðinu meðan á framkvæmdum stendur.

Svar: Við útgáfu framkvæmdaleyfis verður verður gerð krafa um að fornleifum verði ekki raskað.

Umsögn **Vegagerðarinnar** barst 11.02.15. Vegagerðin gerir ekki athugasemd við framkvæmdina.

Umsögn **Umhverfisstofnunar** barst 16.02.15. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að framkvæmdaaðilar nýti þau línu- og vegstæði sem fyrir eru eins og kostur er til að draga úr raski á jarðmyndanir og hraun sem nýtur sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun bendir á að vanda eigi staðsetningar afleggjara að möstrum og að halda stærð plana í lágmarki. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Svar: Við útgáfu framkvæmdaleyfis verður verður gerð krafa um að röskun hrauns verði í lágmarki.

Umsögn **Veðurstofunnar** barst 23.02.15. Ekki eru gerðar athugasemdir við það efni sem kynnt er í umsókninni og meðfylgjandi umhverfisskýrslu. Hvergi er þó minnst á áhættumat, t.d. hvaða áhrif jarðskjálftar, hraunrennsli, veður eða veðurtengdir atburðir, s.s. seltuáhleðsla, kunna að hafa á línurnar.

Svar: Fjallað er um náttúruvá í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Landsnet bendir á að veðurálag og áhættumál séu forsendur við hönnun línunnar.

Umsögn **Skipulagsstofnunar** barst 24.02.15. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn beri ábyrgð á útgáfu framkvæmdaleyfa og leggi mat á hvort fyrir liggi tilskilinn skipulagsgrunnur fyrir leyfisveitingu. Skipulagsstofnun geti aðeins gefið álit á því. Að mati stofnunarinnar er lýsing á framkvæmdinni í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar ekki ítarleg og mælir stofnunin því

með að leyfisumsóknin verði grenndarkynnt skv. skipulagslögum, en með því fái hagsmunaaðilar á svæðinu m.a. tækifæri til að kynna sér framkvæmdir. Stofnunin bendir jafnframt á að gæta þurfi að eftirfarandi:

- Hvort breyta þurfi deiliskipulagsáætlunum þar sem línan liggur um eða við svæði þar sem í gildi er deiliskipulag.
- Að hönnunargögn og afstöðumyndir sýni að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag og byggi á þeim gögnum sem lágu til grundvallar áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.
- Að samþykki landeigenda á svæðinu liggi fyrir, svo og umsagnir lögbundinna aðila.
- Að við samþykktina sé tekin afstaða til skilyrða sem fram koma í áliti Skipulagsstofnunar frá 2009.
- Að birt sé auglýsing um ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis.

Svör: Ekki þarf að breyta neinum deiliskipulagsáætlunum þar sem aðeins eitt deiliskipulag liggur fyrir á línuleiðinni og þar eru sýnd bæði lofilína og jarðstrengur. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag. Samþykki landeigenda (Óttarsstaða, Lónakots) liggur fyrir. Skilyrði Skipulagsstofnunar sem snúa beint að þessu eru hvort umsagnar Skógræktar ríkisins hafi verið leitað. Það hefur verið gert. Auglýsing verður birt um útgáfu framkvæmdaleyfis.

Umsögn **Slökkviðliðs höfuðborgarsvæðisins og Almannavarna** barst 25.02.15 Ekki er gerð athugasemd við tillöguna, en bent á að í gögnum séu eingöngu skýrð umhverfisáhrif, en ekki vikið að áhættumati gagnvart almannahagsmunum, mögulegu hraunrennsli og öðrum áhrifum jarðhræringa svo sem sprungumyndun.

Svar: Fjallað er um náttúruvá í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Umsögn **Isavia og Samgöngustofu** barst 10.03.15. Samgöngustofa bendir er á að ákveðin hætta sé til staðar útaf núverandi staðsetningu Suðurnesjalínu, sem ekki hafi verið greind. Samgöngustofa fellst á það mat Isavia að áhættan af Suðurnesjalínu 2 muni ekki vera meiri eftir breytingu en hún er þegar með núverandi staðsetningu Suðurnesjalínu.

Umsögn **Orkustofnunar** barst 23.03.15. Vísað er í að Orkustofnun hafi þegar veitt Landsneti leyfi fyrir línunum.

Umsögn **Skógræktar ríkisins** barst 24.03.15. Skógrækt ríkisins gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við framkvæmdina.

Athugasemdir við grenndarkynninguna bárust frá eftirtöldum aðilum varðandi sjónræn áhrif, hljóðvist og röskun á hrauni o.fl.:

Ómar Smári Ármannsson Eskivöllum 21b telur tillöguna óásættanlega. Það sé skilyrðislaus réttur íbúanna að línan verði fjarlægð frá íbúðabyggðinni. Það sé óþolandi að hafa þetta tröllaukna eindæma ljóta mannvirki fyrir augunum og meiri en minni líkur séu á heilsuspillandi áhrifum frá línunum. Þá er minnt á loforð bæjaryfirvalda um að línan yrði fjarlægð eða grafin í jörð.

Brynja hússjóður Öryrkjabandalagssins gerir athugasemd við nýjar loftlínur vegna sjón- og hávaðamengunar og áhrifa á heilsufar fólks. Þá er minnt á loforð bæjaryfirvalda um að umræddar loftlínur sem liggja meðfram byggð fari í jörð, og breyti þar engu að um sé að ræða bráðabirgða loftlínu.

Ragnhildur Jónsdóttir og Lárus Vilhjálmsson Álfagarðinum Hellisgerði senda inn athugasemd f.h. huldufólks, álfa og dverga í Hafnarfirði, sem mótmæla harðlega eyðileggingu byggðar sinnar. Þau hafi ítrekað gefið eftir heimili sín fyrir byggð mannfólks, en þegar komi að óþarfa eyðileggingu geti þau ekki annað en mótmælt harðlega. Loftlínurnar og það sem þeim fylgir valdi nú þegar mikilli truflun á orku landsins, híbýlum þeirra og helgistöðum. Þau leggja til að allar raflínur séu lagðar í jörð meðfram þeim vegum sem þegar hafa farið í gegnum hraunið, t.d. meðfram Reykjanesbrautinni.

Pétur H Pétursson Kvistavöllum 47 bendir á loforð bæjaryfirvalda um að línurnar fari. Hann talar um sjónræna mengun og hávaða frá línunum, sérstaklega þegar raki og rigning eru úti. Lífsgæði séu skert með þessu og mælirinn sé fullur.

Kári Waage er alfarið á móti því að línan sé ofanjarðar. Hann telur að umtal um staurastæðu til bráðabirgða og að seinna verði hluti línunnar settur í jörð sé blekking og að staurarnir verði þarna um ókomna tíð.

Samhjóða athugasemdir bárust frá **Rósmundi H Rósmundssyni Fléttuvöllum 36, Bjarna Þór Gunnlaugssyni Drekaöllum 37, Hans Jörgen Hansen Drekaöllum 30, Vigdís Birnu Rósmundsdóttur Fléttuvöllum 36, Viðari Kristinssyni og Sigríði Baldursdóttur njn Drekaöllum 41, Guðrúnu Guðmundsdóttur Eskivöllum 9b, M. Mollý Fléttuvöllum 23, Roland Víkingi Buchholz Harpa Hrönn Magnúsdóttir Klukkuvöllum 50, Lárusi G Brandssyni og Ingibjörgu Marinósdóttur Fléttuvöllum 24, Þorkeli og fjölskyldu Furuvöllum 6**, sem mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum. Auk þess bárust um þetta yfir **800 undirskriftir íbúa á Völlum**. Meðalhæð mastra sé áætluð 13,5 m og loftlínurnar hafi verulega neikvæð áhrif á útivist, útsýni og hljóðvist í Vallahverfinu og hafi áhrif til lækkunar fasteignaverðs. Tengivirkið við Hamnes sé til bráðabirgða og íbúarnir mótmæla harðlega að reistar séu nýjar loftlínur frá því. Einnig er þess krafist að Ísallínur 1 og 2 verði settar í jarðstreng. Þá er minnt á loforð bæjaryfirvalda um að raflínur fari í jarðstreng. Fólk hafi keypt fasteignir á svæðinu í góðri trú um það.

Eyrún Linnét telur grenndarkynninguna villandi, þar sem ekki er tilgreint hvenær bráðabirgðalíftlína fari í jarðstreng, þ.e. þegar tengivirki verður komið í Hrauntungum.

Unnur Björk Áskelsdóttir og Matthew Peter Abrachinsky mótmæla því að Landsnet fái leyfi til að bæta við línu í tengivirkið í Hamranesi þrátt fyrir margra ára mótmæli og brotin loforð. Við horfum á þetta virki og línur úr stofuglugganum, og undir ákveðnum kringumstæðum heyrir þau suðið, og því telji þau sig verða fyrir beinum áhrifum af þessu.

Davíð Örn Friðriksson er ósáttur við að fjölga línunum sem birgja útsýni úr eldhúsglugga og stofu á heimili hans. Hann spyr hve lengi línan eigi að vera í lofti áður en hún verður grafin í jörð og bendir á kostnað við að setja hana ekki strax í jörð.

Stefán Georgsson fer fram á tölvugerðar myndir sem sýna línuna næst íbúðarbyggð, útreikninga á hljóðvist, tæknilegar upplýsingar um línuna og til hversu langs tíma bráðabirgðalínan sé hugsuð.

Svar við þessum athugasemdum: Skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi er að lína milli Hamranesvirkis og framtíðar línustæðis Hamraneslínu milli Hellnhhrauns 2 og svæðis fyrir aksturslípróttir fari í jörð, og hefur Landsnet lýst yfir samþykki við það. Almenn t hyggst Landsnet bæta hljóðvist frá línunum og tengivirki.

Hraunavinir mótmæla harðlega lagningu loftlína gegnum Vallahverfið og í gegnum ósnortin hraunsvæði í Almennungi. Einnig er mótmælt byggingu tengivirkis í Hrauntungum. Hraunavinir fara því fram á að Hafnarfjörður veiti Landsneti ekki framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 að óbreyttu. Framkvæmdin muni valda óafturkræfum spjöllum á hraunum í Almennungi, og valda íbúum í Vallahverfinu verulegum truflunum og ónæði vegna rafmengunar, hávaða og sjónmengunar. Það hljóti einnig að teljast óþarfa peningasóun að leggja fyrst loftlínu og ætla síðan að leggja strengina í jörð. Hraunavinir leggja til að hætt verði við allar loftlínur sem fyrirhugaðar eru í lögsögu Hafnarfjarðar og þær lagðar í jarðstreng meðfram vegum. Vitnað er í álit Skipulagsstofnunar frá 2009 að neikvæðustu áhrifin verði sjónræn áhrif og áhrif á landslag og þar með einnig á útivist og ferðaþjónustu. Áhrifin verði verulega neikvæð. Fyrirhugaðar línur verði lagðar um mosagróin nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Einnig að nýlagning lína geti haft neikvæð áhrif á fugla vegna áflugshættu og búseturöskunar.

Svar: Við útgáfu framkvæmdaleyfis verður verður gerð krafa um að röskun hrauns verði í lágmarki. Fyrir liggur samkvæmt álit Skipulagsstofnunar að óafturkræft rask sé meira vegna lagningar jarðstrengja en loftlína. Sjónræn áhrif loftlína eru þó meiri, en næst íbúðarbyggð verða línurnar í jörðu. Almenn t hyggst Landsnet bæta hljóðvist frá línunum og tengivirki. Athugasemd að allar fyrirhugaðar raflínur í lögsögu Hafnarfjarðar verði lagðar í jörð tengist að mestu leyti Suðvesturlínum í heild sinni, en ekki grenndarkynningunni.

Athugasemdir við grenndarkynninguna bárust frá eftirtöldum aðilum varðandi lögformleg atriði:

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands mótmæla því að reistar verði háspennulínur í svo mikilli nálægð við byggð, yfir ósnortið hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, á vatnsverndarsvæði í mikilli nálægð við brunnsvæði vatnsverndar og hverfisverndarsvæði. Lagt er til að Hafnarfjarðarbær geri þegar í stað kröfu um að Suðurnesjalína verði lögð í jörð með vegum sem og allar raflínur innan bæjarins.

Framkvæmdarleyfi er skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum liður í umhverfismati eins og þau lög ber að skýra með hliðsjón m.a. af 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/92/ESB og 6. gr. Árósasamningsins. Ekki nægir því að grenndarkynna framkvæmdina heldur ber að deiliskipuleggja það svæði sem um ræðir. Hafnarfjarðarbær hefur allan rétt til að hafna tillögum Landsnets eða gera kröfur um breytingar á framkvæmdaráætlun.

Samkomulagið í ágúst 2009 hindraði þátttöku almennings við réttlátra málsmeðferð og í athugasemdaferli þar sem allir kostir voru uppi á borðum m.a. við umhverfismat framkvæmdarinnar. Samkomulagið var og er þar af leiðandi ólöglegt og varð til þess umhverfismatið er einnig ólöglegt þar sem búið var að semja um ákveðna kosti fyrirfram. Sama á við um viðauka við samkomulagið frá 25. okt. 2012 sem hindaraði aðkomu almennings í umsagnaferli að aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Skv. 5. lið, 9. gr. raforklaga skal fyrirtækið sjá til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Skv. 5. lið, 9. gr. skal það einnig sjá til þess að

fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. - 220kV
Suðurnesjalína 2 er langt umfram raforkuflutningsþörf samkvæmt raforkuspá
Orkuspárnefndar.

Verð á 132kV jarðstreng er mjög sambærilegt við loftlínu og gæti sparað kostnað við allar
bráðabirgðaloflínur og jafnvel sparað milljarða við ný tengivirki. Mjög auðvelt væri að leggja
allar núverandi og fyrirhugaðar raflínur í jörð með vegum innan Hafnarfjarðar og alla leið til
Njarðvíkur. Jarðstrengirnir koma ekki til með að hamla byggð, íbúar verða lausir við
óþægindi af háspennulínum s.s. vindgnað, hættu á rafsegulmengun, sjónmengun og ekki þarf
að spilla ósnornum útivistarsvæðum með háspennulínum, háum möstrum eða nýjum
vegaslóðum með tilheyrandi jarðraski. Hætta á sínkmenngun á vatnsból og jarðveg verður þá
engin.

Ljóst er að upprunalegur tilgangur Suðurnesjalínu 2 og Suðvesturlína í heild var að flytja
rafmagn til álvers í Helguvík. Áætluð raforkuþörf þess var um 600 MW og áætluð
flutningsgeta Suðurnesjalínu 2 var 690 MVA. Í framkvæmdarleyfis umsókn Landsnets fyrir
Suðurnesjalínu 2 kemur hinsvegar fram að flutningsgeta línunnar hefur verið lækkuð í 470
MVA. Landsnet gerir því ekki ráð fyrir álveri í Helguvík. ekki forsenda fyrir því að
Hafnarfjarðarbær veiti Landsneti afslátt af kröfum um að leggja allar línur innan
bæjarmarkanna þegar í stað í jörð.

Tvær kærur vegna leyfisveitingar Orkustofnunar benda til þess að leyfisveitingin er slíkum
annmörkum háð að ekki er hægt að byggja á henni sem lögmætri. Gerð er krafa um að beðið
sé niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og dómstóla áður en
framkvæmdarleyfi verður veitt. Þar sem Suðvesturlínur, þ. á m. Suðurnesjalína 2, sættu ekki
umhverfismati áætlananna áður eða samhliða því að umhverfismat framkvæmdar fór fram er
undirbúningur framkvæmdarinnar í heild ólöglegur og ber Hafnarfjarðarbæ því að stöðva
meðferð málsins og fella það niður.

Umhverfismat Suðvesturlína er einnig ólöglegt vegna samkomulaga Landsnets við
sveitarfélögin á línuleiðinni sem hindraði aðkomu almennings að réttlátri málsmeðferð og að
aðrir valkostir en sá sem samið hafði verið um, s.s. jarðstrengir, væru teknir til raunverulegrar
skoðunar.

Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður f.h. Reykjaprents ehf., Síðumúla 14, 108
Reykjavík sem er einn af eigendum Heiðarlands Vogajarða. allt frá upphafi hefur
undirbúningur máls þessa og meðferð þess verið haldin verulegum annmörkum. Þegar farið
var út í umhverfismat (framkvæmdarmat) Suðvesturlína á árinu 2009 hafði framkvæmdin ekki
verið metin samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, svo sem lögskylt er. Í
því tilviki, sem hér um ræðir, hefði átt að áætla og umhverfismeta Suðvesturlínur, þ.á m.
Suðurnesjalínu 2, sem hluta af kerfisáætlun Landsnets einhvern tíma á árunum 2006-2009,
sbr. auk laganna um umhverfismat áætlana ákvæði 5. tölul. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga nr.
65/2003. Þess háttar áætlanagerð og umhverfismat fór ekki fram innan vébanda
kerfisáætlunar. Bæði Landsnet og Skipulagsstofnun virtust af óútskýrðum ástæðum ekki telja
þörf á að fara eftir lögum um umhverfismat áætlana, en báðir þessir opinberu aðilar höfðu
upplýsinga- og rannsóknarskyldu í málinu. Með úrskurði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins
hinn 21. maí 2013 var úr því skorð, að kerfisáætlun Landsnets félli undir gildissvið laganna
um umhverfismat áætlana og felld úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar í gagnstæða átt.

Umhverfismat Suðvesturlína 2009 var haldið ótalmörgum verulegum annmörkum, svo sem rakið hefur verið m.a. í bréfum LEX lögmanna f.h. ýmissa landeigenda í Sveitarfélaginu Vogum. Þeir annmarkar, sem bent er á í umræddum bréfum eru allir svo verulegir, að þeir hljóta að valda ógildingu matsskýrslu Landsnets og álit Skipulagsstofnunar í málinu. Verður þess vegna ekki á þessum gerningum byggt í málinu.

Grenndarkynning á máli þessu felur í sér gjörsamlega ófullnægjandi meðferð á umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi. Þar sem um meiriháttar framkvæmd er að ræða hefði auðvitað verið réttara að því er skipulag varðar að beita deiliskipulagi heldur en grenndarkynningu, sem yfirleitt er notað í minni háttar málum. Hafnarfjarðarbær hefur við meðferð málsins vanrækt umhverfismatshlutverk sitt. Fer ekki með málið sem hluta af umhverfismati, svo sem skylt er að lögum, sbr. lög nr. 106/2000, eins og þau lög ber að skýra með hliðsjón m.a. af 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/92/ESB og 2.-6. mgr. 6. gr. Árósasamningsins.

Meðferð Hafnarfjarðarbæjar á málinu virðist fyrst og fremst hafa beinst að því að fá breytt gömlum samningum við Landsnet, þar sem Hafnarfjarðarbær hafði samið illilega af sér.

Ásgerður Ragnarsdóttir Lex Lögmenn gætir hagsmuna nokkurra **landeigenda í Sveitarfélaginu Vogar**. Landeigendurnir byggja á því að ekki séu lagaskilyrði til þess að veita Landsneti framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu í kjölfar grenndarkynningar. Meginreglan sé sú að framkvæmdaleyfi sé gefið út á grundvelli deiliskipulags. Liggi það ekki fyrir sé heimilt að veita framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé frmkvæmdin í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Í reglugerð um frmkvæmdaleyfi er auk þess bætt við að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum. Landeigendur telja að lagning loftlínu samræmist illa meginforsendum Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2015 og ljóst sé að ekki sé uppfyllt það skilyrði að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum. Vitnað er í umsögn Skipulagsstofnunar um Suðvesturlínur í heild sinni, að “þegar lagt er mat á þau áhrif sem fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í heild sinni m.t.t. sjónrænna þátta og landslags verði áhrif þeirra óhjákvæmilega verulega neikvæð. Þá liggja línurnar á löngum köflum um friðlýst svæði, hverfisverndarsvæði, hraunasvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. Náttúruverndarlögum auk svæða sem eru á náttúruminjaskrá.” Skipulagsstofnun komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir og gróður verði talsvert neikvæð og óafturkræf.

Landeigendur telja að verulegur vafi leiki á lögmæti framkvæmdarinnar og beðið sé úrskurðar dómstóla um það. Þeir haf kært til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun Skipulagsstofnunar um að hafna annars vegar að endurskoða matsskýrslu vegna Suðurnesjalínu 2 og hins vegar að endurskoða álit stofnunarinnar vegna matsskýrslunnar. Af hálfu landeigenda hafa verið höfðuð dómsmál um lögmæti ákvarðana ráðuneytis um lögmæti eignarnáms og ákvörðun Orkustofnunar um leyfisveitingu línunnar til landsnets. Einnig á hendur íslenska ríkinu og Landsneti til ógildingar úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta og þeir hafa kært leyfisveitingu Reykjanesbæjar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Landeigendur telja einsýnt að bíða beri niðurstöðu þessara mála áður en ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis er tekin.

Taldir eru gallar á umhverfismati og talið að Hafnarfjarðarbæ sé skylt að skoða athugasemdir þeirra og meta sjálfstætt hvort umhverfismatið sé nægjanlegur grundvöllur fyrir framkvæmdaleyfi. Einnig er talið að umhverfismat áætlana hafi ekki farið fram og talið að umfjöllun í matsskýrsluum aðra mögulega valkosti við framkvæmdina sé um margt ábótavant.

Einnig umfjöllun um jarðstrengi, m.a. varðandi kostnað, rekstrar og afhendingaröryggi og umhverfisáhrif.

Að lokum telja landeigendur að brotið hafi verið á rétti þeirra til þátttöku við val á framkvæmdakosti vegna Suðurnesjalínu 2.

Svar: Vísað er til ítarlegrar umsagnar Landslaga, sem unnin var að beiðni Hafnarfjarðarbæjar. Þar kemur m.a. fram:

Árið 2009 var unnin breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 - breyting vegna Suðvesturlína, og er framkvæmdin hluti af því skipulagi. Því skipulagi fylgdi umhverfisskýrsla skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og einnig matsskýrsla skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem er mun ítarlegri. Í umhverfisskýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og áhrifum þeirra á umhverfið. Umrædd breyting á aðalskipulaginu var felld inn í Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2015 og ekki er hægt að taka undir að framkvæmdin stangist á við meginmarkið aðalskipulagsins enda er gert ráð fyrir línunni í skipulaginu.

Í 6. grein samkomulags Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets frá árinu 2008 um uppbyggingu flutningskerfis raforku er gerður sá fyrirvari að samkomulagið byggji af beggja aðila hálfu á þeirri forsendu að lokið verði við lögbundið ferli vegna skipulagsáætlana, mats á umhverfisáhrifum framkvæmdanna og veitingu framkvæmdaleyfis.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er heimilt að grenndarkynna framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag. Almenn er ekki þörf á að grenndarkynna þessa framkvæmd þar sem hún er í samræmi við aðalskipulag og liggur utan þéttbýlisins. Að stærstum hluta er um að ræða svæði sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi, en hluti línunnar, sem er liggur austan Ásbrautar, liggur þó sunnan við íbúðarhverfið á Völlum. Að fengnu álitu Skipulagsstofnunar er grenndarkynningin gerð vegna þess hluta línunnar sem liggur um þéttbýlissvæði í Hafnarfirði til að gefa hagsmunaaðilum þar tækifæri á að tjá sig um umsóknina á því svæði.

Að því er varðar tilskipun 2011/92/ESB, sem kveður á um að framkvæmdir sem taldar eru valda umtalsverðum áhrifum á umhverfið skuli kynntar fyrir almenningi sem fái þá möguleika á að taka þátt í umræddri ákvörðun, hefur umrædd framkvæmd gengið í gegnum ítarlegt ferli skv. ofangreindu. Því verður ekki fallist á að brotið hafi verið gegn þeirri tilskipun né ákvæðum Árórsamningsins um aðgang að upplýsingum eða þátttöku í umhverfismálum.

Þau dóms- og kærumál sem rakin eru í greindri athugasemd leiða ekki til frestunar réttaráhrifa þeirra ákvarðana/leyfa sem þar um ræðir, sbr. meginreglu 2. másl. 60. gr. stjórnarskrárinnar og 29. gr. stjórnarsýslulaga.

02.06.2015

Dr. Bjarki Jóhannesson

Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar